

Ekki er leyfilegt, þótt nemandi falli í sekt, að gjöra fjárnám á eignum hans. . . . Sé hinn geistlegi dómari ekki nálægur, þá nemandi er handtekinn, þá skal hans geymt að húsi meðnemanda síns í góðu yfirlæti, unz hann verður dómaranum fenginn."

Eins og eðlilegt var, með öllum þessum einkaréttindum fengnum í hendur, varð framkoma nemenda ekkert fyrimannleg. Þeir voru undanþegnir ýmsum lagalegum refsingum, og dómar þeir, er kveðnir voru upp yfir þeim, voru ekkert óttalegir, nema ef þeir lentu út í trúarbragða villu, þá var refsingin bæði grimm og ströng. Ef nokkurs mætti geta til með lagaveitingar miðaldaháskólanna, þá sýnast þær allar hafa miðað í þá átt, að skapa valdstétt lærðra manna, er hafa skyldi ótakmarkað leyfi til allra handa, eins lengi og þeir ekki gjörðust andvígir páfum og konungum. Með öðrum orðum sagt, menn voru menntaðir og upphafðir yfir almenninginn til þess, að halda honum í skefjum, til þess að draga taum ríkis og kyrkju gagnvart einstaklingnum.*

Til Parísar háskólans flyktust ungmenni frá ýmsum þjóðum, og bjó hver þjóð út af fyrir sig. Það varð og oft, að þjóðarigur og mannjöfnuður komu upp á milli þeirra, og voru þá eigi finyrðin brúkuð, né verið að skirrast vandræða. Skólasveinarbörðust þá oft sín á milli, og það á meðan á yfirheyrslum stóð, unz allur vopnaburður var algjörlega úr lögum numinn, og þeim ekki leyft að ganga vopnuðum til tíma (fyrirlestra).

Það er til lýsing frá þessum tíma á framferði nemenda og þjóðaríg þeirra og innbyrðis deilum. Þar segir meðal annars:

"Flest allir nemendurnir í París, útlendir og innlendir, gjörðu ekkert annað en læra eða hlýða á einhver nýmæli. Sumir lögðu sig eftir lærdómi, að eins til þess að fræðast, sem er ekki óskýlt forvitni; aðrir sökuðum frægðar, sem er hégómagirni; enn

*) Það var og einkenni hinnar andlegu stefnu allra miðaldanna. Stofnunin var allt, hver einstakur maður ekkert. Hið sama liggur og til grundvallar í hinum svokölluðu nútíðar stefnum „Socialista“ og „Communist“, þótt augnamið þeirra sé annað og hugsunarháttur. Það er mannfélagsveldi í stað einstaklingsfrelsis.